

Stjórnarfundur

29. ágúst 2007

Fundargerð

Stjórn Héraðsnefndar Múlasýslna

Borgarfirði 29. ágúst 2007

Fundurinn hófst að loknum stjórnarfundum SSA kl. 14.45

Mættir eru. Ólafur Ármannsson, Ólafur Sigurðsson., Páll Baldursson., Bj. Hafþór Guðmundsson, Guðmundur R. Gíslason. Forföll boðuðu Ævar Ármannsson og Guðmundur Ólafsson Framkvæmdastjóri er mættur. .

1. Fundur settur.

Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

2. Fundargerð stjórnar HNM 25. júní 2007.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

3. Ársreikningur HNM 2006.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn.

Stjórn HNM samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning Héraðsnefndar Múlasýslna 2006 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar HNM 2007.

4. Fjárhagsáætlun HNM 2008 .

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlunina .

Stjórn HNM samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Múlasýslna 2008 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar HNM 2007.

5. Minningarsjóður Ragnildar M. og Stefáns P.

5/1 Ársreikningur 2006.

Ársreikningurinn er áritaður af skoðunarmönnum, helstu niðurstöðutölur.

Vaxtatekjur og aðrar tekjur : 573.025 Fjármagnstekjuskattur 56.903.

Gjöld : Styrkveiting og annað 329. 025.

Rekstrarniðurstaða (jákvæð) 186.118.

Skuldir engar . Eigið fé kr. 5.337.136.

Samanburður við skipulagsskrá frá skoðunarmanni liggur fyrir , en þar kemur fram að óúthlutað eftir árin 2001-2206 er kr. 265.913 og frá arinu 2006 kr. 137. 806 eða alls kr. 403.719 .

Stjórn HNM samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning Minningarsjóðs R.B og S.P. 2006

Framkvæmdastjóri vék síðan af fundi í umræðum og afgreiðslu liða 5/2 og 5/3

5/2 Umsóknir um styrki 2007 .

Umsóknir höfðu verið póstsendar stjórnarmönnum sérstaklega áður.

7 umsóknir bárust þannig í starfrófsröð.

Arnar Gauti Reynisson kt. 240381-3899

Elín Sigríður Arnórsdóttir kt. 090374-346

Eygló R. Þorsteinsdóttir kt. 020983-4189

Hildur Finnbogadóttir 171279-

Jóna Björt Friðriksdóttir 120781-4059

Silja Sigurðardóttir 110983-46989

Tómas Ragnar Bernharðsson f. 1984 (umsókn bars eftir að umsóknarfresti lauk)

5/3 Úthlutun styrkir 2006

Með vísan til 6. gr skipulagsskrár og samanburðar skoðunarmanns samþykkir stjórn Héraðsnefndar Múlasýslna að veita 4 styrki nú í ár.

Hver styrkur að upphæð kr. 100.000 .kr

Eftirtaldir umsækjendur hljóta styrki.

Elín Sigríður Arnórsdóttir kt. 090374-346

Eygló R. Þorsteinsdóttir kt. 020983-4189

Hildur Finnbogadóttir 171279-

Silja Sigurðardóttir 110983-4698

Framkvæmdastjóra falið að greiða út styrkina .

6. Aðalfundur HNM 2007.

Samþykkt að aðalfundur HNM 2007 verði haldinn sama dag og stjórnarfundur SSA í nóvember mánuði nk. eins og venja er til.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn , tilkynna og senda dagskrá og önnur fundargögn til aðildarsveitarfélaga.

7. Önnur mál.

Engin.

Formaður sleit fundi kl. 15.15.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson